

Reykjavík 13. apríl 2020

Úrsögn úr endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Þann 23. mars s.l. ritaði ég borgarráði bréf sem varðaði ársreikning Félagsbústaða hf. Nefnt bréf var svo á dagskrá fundar endurskoðunarnefndar áttunda þessa mánaðar án frekari skýringar en að það væri „til meðferðar“. Á fundinum kom svo fram að skrifstofa borgarstjórnar hafði sent nefndinni erindi þar sem farið var fram á að endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar tæki bréfið til meðferðar. Í aðdraganda fundarins hafði innri endurskoðandi sent mér tölvupóst þar sem hann, af einhverjum ástæðum, fór yfir gildandi hæfisreglur sem mér eru að vísu mjög vel kunnar af starfi mínu sem hæstaréttarlögmaður. Vakin var athygli á erindi frá borgarráði (sic) um að endurskoðunarnefnd tæki til meðferðar erindi um ársreikning Félagsbústaða og því að erindið ætti uppruna sinn hjá nefndarfulltrúa sem vekti upp spurningar um hæfi. Með fylgdu leiðbeiningar frá skrifstofu borgarstjórnar um hæfi nefndarfulltrúa og vísan til 20. gr. sveitarstjórnarlaga. Í framhaldinu spurði hann hvort það myndi hjálpa að fá skrifstofustjóra borgarstjórnar inn á fund nefndarinnar til að leiðbeina um þessi mál þar sem nefndin kynni að þurfa að úrskurða um hæfi einstakra nefndarmanna yrði ágreiningur um það á annað borð.

Þegar að þessum lið kom lögðu nefndarmennirnir Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi og Sunna Jóhannsdóttir viðskiptafræðingur fram sameiginlega bókun þar sem varnaðarorðum mínum var efnislega hafnað. Samhengisins vegna skal það rifjað upp að Félagsbústaðir hf. eiga þess sem sé kost að sýna fasteignir sínar annað hvort á kostnaðarverði eða gangverði. Félagsbústaðir hf. eiga 1971 almennar íbúðir, 364 þjónustuíbúðir og 327 sértækar íbúðir. Stór hluti almennra íbúða er í fjölbýlishúsum sem eru alfarið í eigu félagsins. Félagsbústaðir hf. kjósa að sýna allar eignirnar á gangverði. Aðalatriði bréfs míns var sú skoðun mín að framsetning Félagsbústaða hf. á fasteignum í reikningsskilum gæfi ekki glögga mynd af rekstri og efnahag félagsins.

Framangreindir nefndarmenn vísuðu m.a. til minnisblaðs KPMG reikningsskilaaðferðir Félagsbústaða hf. sem gert var að beiðni sviðsstjóra Fjármála- og áhættustýringarsviðs. Spurningar sviðsstjóra Fjármála- og áhættustýringarsviðs til KPMG voru þessar:

„1. Er viðeigandi hjá Félagsbústöðum hf. að skilgreina leiguíbúðir í þeirra eigu sem fjárfestingareignir í reikningsskilum sínum og hvaða reikningsskilaaðferðum ber að beita vegna slíkra eigna?

2. Gildissvið IPSAS¹ staðlanna, hafa ákvæði í þeim möguleg áhrif á reikningsskilalega meðferð hjá Félagsbústöðum hf. eða sveitarfélaginu?

3. Er Reykjavíkurborg heimilt að færa ársreikninga Félagsbústaða hf. óbreytta inn í samantekin reikningsskil A og B hluta?“

Ekki var spurt hvorri aðferðinni, kostnaðarverði eða gangverði, KPMG mælti með og því verður afstaða til þess að sjálfsögðu ekki ráðin af minnisblaðinu. Rétt er þó að undirstrika að KPMG tók fram það sem hér greinir: „Að áliti KPMG ber þó að líta til ákvæða IPSAS við ákvörðun reikningshaldslegrar meðferðar ef ársreikningalög og settar reikningsskilareglur mæla ekki fyrir um hana.“ En ákvæði IPSAS banna einmitt berum orðum notkun gangvirðis í félögum á borð við Félagsbústaði hf.

KPMG gekk ekki alveg alveg svo langt að segja að reglur um reikningsskil sveitarfélaga heimili ekki gangvirði í ársreikningum sveitarfélaga. Svör við þriðju spurningunni kvað KPMG einfaldlega vera „álitamál“. Sé það rétt hjá KPMG að þetta sé mikið álitamál, þá ber jafnan við þær aðstæður að beita svonefndri

¹ Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar fyrir opinbera aðila


varkárisreglu eins og kunnugt er. Varkárisreglan leiðir til notkunar kostnaðarverðsreglu. Svo einfalt er það.

Ég sendi Stefáni Svavarssyni, prófessor í reikningskilum og löggiltum endurskoðanda, bréf mitt sem nefndin fjallaði um. Stefán ber, að öðrum ólöstuðum, höfðuð og herðar yfir aðra Íslendinga sem fræðimaður á sínu sviði. Síðan átti ég langt samtal við hann um efnið. Hann lýsti sig algerlega sammála niðurstöðum mínum, óskaði mér góðs gengis og kvaðst vonast til að Reykjavíkurborg myndi breyta reikningsskilum sínum í framhaldi af erindi mínu. - Reykjavíkurborg á þess enn kost.

Samstarf mitt við aðra nefndarmenn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og innri endurskoðun hefur verið með miklum ágætum fram að þessu. Sama á við um ytri endurskoðendur. Fyrir það góða samstarf vil ég þakka. Þetta á t.a.m. við um gerð braggaskýrslunnar svonefndu þar sem alvarleg brot á lögum voru tíunduð (sem borgarráð stakk svo reyndar undir stól í stað þess að vísa henni til opinberrar rannsóknar þar til bærra yfirvalda). Af braggaskýrslunni mátti jafnvel ráða að sum brotin kynnu að varða við ákvæði hegningarlaga um umboðssvik. Það er okkur í nefndinni ekki til mikils sóma að hafa ekki fylgt þessari skýrslu eftir eins og endurskoðunarnefndum ber að gera þegar vart verður við mögulega sviksemi í stofnunum sem undir þær heyra.

Samkvæmt 108. grein a í lögum um ársreikninga skulu nefndarmenn í endurskoðunarnefnd vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni [sem sé Reykjavíkurborg]. Afskipti skrifstofu borgarstjórnar af endurskoðunarnefnd sem reyndar eru ekki einsdæmi eru því algerlega ólíðandi. Og eftir téða bókun meirihluta endurskoðunarnefndar er mér ekki lengur sætt í nefndinni. Ég sé mér því ekki annað fært en að segja mig hér með úr endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,



Einar S. Hálfðánarson

Hæstaréttarlögmaður og löggiltur endurskoðandi, r.óv

**Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur**

Reykjavík 23. mars 2020

Varðar ársreikning Félagsbústaða hf.

Erindi þetta er ritað í varnaðarskyni vegna þess að ég tel langlíklegast að reikningsskil Félagsbústaða hf. stæðust ekki skoðun óháðs aðila ef til þess kæmi að á þau reyndi. Þarna á ég einkum við að það mjög svo ólíklega tilvik að kröfuhafar létu á það reyna hvort ársreikningar Félagsbústaða hf. hefðu gefið glögga mynd af rekstri og efnahag félagsins. Í þessu sambandi ber að nefna að ólögmæt fyrirmæli eru ekki talin undanskilja stjórnendur neinni ábyrgð sé litið til dómafordæma. Hana bera þeir sjálfir lögum samkvæmt. Það verður að játa að framangreind staða væri fordæmalaus, en fordæmalausar aðstæður eru Íslendingum ekki með öllu ókunnar. Verður þetta rökstutt frekar hér í framhaldinu.

EITT GRUNDVALLARATRÍÐI REIKNINGSSKILA OG NOTKUNAR IFRS ER HVORT FÉLAG SÉ REKIÐ Í HAGNAÐARSKYNI

Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Tilgangur Félagsbústaða hf. er að eiga og reka félagslegt leiguhúsnæði í Reykjavík. Markmið stofnunar hlutafélags um eignarhald og rekstur félagslegra leiguíbúða var að aðgreina reksturinn frá borgarkerfinu og gera kostnað, árangur og ábyrgð sýnilegri en áður. Tekið var fram á heimasíðu Félagsbústaða hf. að félagið sé ekki rekið í hagnaðarskyni. Félagsbústaðir eru þannig alls ekki reknir í hagnaðaskyni. Félag sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni nota ekki IFRS í öðrum löndum í EES. Vísast jafnframt um þetta til greinargóðs og ýtarlega rökstudds minnisblaðs KPMG til Félagsbústaða hf. dags. 18. maí 2012 þar sem KPMG komst þá að þeirri niðurstöðu að Félagsbústaðir skyldu ekki haga reikningsskilum sínum í samræmi við IFRS staðlana.

SKILGREINING SVOKALLAÐRA FJÁRFESTINGAREIGNA

Fjárfestingareign er fasteign, þ.e. land, húseign eða hluti húseignar eða hvort tveggja, sem eigandi eða leigutaki (ef um fjármögnunarleigu er að ræða) hefur umráð yfir og notar til öflunar leigutekna, til verðmætaaukningar eða hvors tveggja. Við framsetningu fjárfestingareigna í reikningsskilum er notast við alþjóðlegan reikningsskilastaðal númer 40 um fjárfestingareignir (IAS 40). Taka skal skýrt fram að jafnvel þótt notast sé við alþjóðlegan reikningsskilastaðal númer IAS 40 um fjárfestingareignir að ekki er skylt skv. þeim staðli að færa eignir við svonefndu gangvirði. Samkvæmt staðlinum (IAS 40.30) er val um að að færa fjárfestingareignir á gangvirði eða afskrifuðu kostnaðarverði. Heimilt er að breyta framsetningunni og færa fjárfestingareignir á afskrifuðu kostnaðarverði sem áður hafa verið færðar á gangvirði að uppfylltum skilyrðum. Telji borgarráð sér skylt þrátt fyrir framangreind rök að fylgja IFRS stöðlum, þá er ljóst að framsetning fjárfestingareigna við afskrifuðu kostnaðarverði er í bestu samræmi við þá aðferð sem önnur EES lönd telja sér rétt og skylt að fylgja svo sem nánar skal skýrt undir næsta lið.

ERLENDAR REGLUR UM SAMS KONAR REKSTUR

Alþjóðlegar reikningsskilastaðlar fyrir opinberan rekstur (IPSAS) eru settir af ráði sem gefur út reikningsskilastaðla til notkunar opinbera aðila um allan heim við undirbúning reikningsskila. Þessir staðlar eru byggðar á alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IFRS). Því bendi ég sérstaklega á eftirfarandi heimildir (ópýddar) sem ég þýddi ekki til að ekkert færi á milli mála hver afstaða IPSAS er þegar kemur að sams konar rekstri og Félagsbústöðum: <http://www.ifrs.org.ua/wp-content/uploads/2014/11/Handbook-of->

International-Public-Sector-Accounting-Pronouncements-Volume-1.pdf#page=446. Þar segir m.a.: „Property held to provide a social service and which also generates cash inflows. For example, a housing department may hold a large housing stock used to provide housing to low income families at below market rental. In this situation, the property is held to provide housing services rather than for rentals or capital appreciation and rental revenue generated is incidental to the purposes for which the property is held. Such property is not considered an “investment property” and would be accounted for in accordance with IPSAS 17.“ Þessi sjónarmið hafa, að breyttu breytanda, mjög mikið vægi við algjörlega sambærilega stöðu Félagsbústaða. - EPSAS eru svo sams konar staðlar innan Evrópusambandsins sem ætlað er að stuðla að gagnsæi í opinberum reikningsskilum.

Spurningin er ekki einungis hvort notkun IFRS sé Félagsbústöðum heimil skv. íslenskum lögum. Leggja verður mat á það hvort gangvirðisreikningsskil séu við hæfi. Við mat á hvort gangvirðisreikningsskil séu við hæfi verður ekki síst að líta til þess sem tíðkast annars staðar í Evrópu og rökstuðnings sem þar tíðkast til að taka afstöðu til sams konar álitamála.

AÐ ENDINGU

Ég tel mér ekki einungis skylt að benda borgarráði á þetta til að gera ráðinu ábyrgð sína ljósa. Hin mjög svo ólíklega persónulega ábyrgð kynni jafnframt að ná til endurskoðunarnefndar Félagsbústaða og Reykjavíkurborgar.

Ég hef langa reynslu af fasteignafélögum á meginlandi Evrópu, bæði sem ráðgjafi og stjórnarmaður. Þau félög byggja reikningsskil sín á IFRS stöðlunum. Þar er föst venja að fram fari bæði núvirðing tekna í félögunum og mat á söluverði eigna á frjálsum markaði. Aldrei er þar notast við skattmatsverð við gangvirðisreikningsskil slíkra félaga. Eftir því sem ég best veit er notkun skattmatsverðs (e. cadastral value) í þessu skyni séríslensk aðferð. Ég tel næsta víst að fræðimenn í reikningsskilum á borð á borð við prófessor Stefán Svavarsson væru mér sammála væri álits þeirra leitað.

Virðingarfyllst,

Einar S. Hálfánarson

Hæstaréttarlögmaður og löggiltur endurskoðandi, r.óv

Tilgangur þessa minnisblaðs er að gera grein fyrir nokkrum atriðum varðandi reikningsskilaaðferðir Félagsbústaða hf. (FB). Beiðni kom frá sviðsstjóra Fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar (FÁR) um að tekið yrði saman minnisblað um reikningsskilaaðferðir FB sem hafa verið til umfjöllunar í endurskoðunarnefnd.

Eftir yfirferð á samskiptum milli endurskoðunarnefndar og stjórnenda á FÁR var ákveðið að skipta umfjölluninni í þrennt, þar sem fjallað yrði um eftirtaldar þrjár spurningar:

1. *Er viðeigandi hjá Félagsbústöðum hf. að skilgreina leiguíbúðir í þeirra eigu sem fjárfestingareignir í reikningsskilum sínum og hvaða reikningsskilaaðferðum ber að beita vegna slíkra eigna?*
2. *Gildissvið IPSAS staðlanna, hafa ákvæði í þeim möguleg áhrif á reikningsskilalega meðferð hjá Félagsbústöðum hf. eða sveitarfélaginu?*
3. *Er Reykjavíkurborg heimilt að færa ársreikninga Félagsbústaða hf. óbreytta inn í samantekin reikningsskil A og B hluta?*

Umfjöllun

1. *Er viðeigandi hjá Félagsbústöðum hf. að skilgreina leiguíbúðir í þeirra eigu sem fjárfestingareignir í reikningsskilum sínum og hvaða reikningsskilaaðferðum ber að beita vegna slíkra eigna?*

Fyrir liggur úrskurður frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 11. júlí 2013, þar sem ráðuneytið staðfestir ákvörðun ársreikningaskrár frá 29. maí 2012 um að FB sé skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) við gerð ársreiknings félagsins. Áður en til úrskurðarins kom höfðu FB gert ársreikninga í samræmi við ársreikningalög og töldu stjórnendur FB að félaginu væri ekki skylt að beita IFRS þrátt fyrir að FB hefði skráð skuldabréfaflokka í Kauphöll Íslands. Meðfylgjandi er framangreindur úrskurður og til frekari skýringa einnig minnisblað frá KPMG dagsett 18. maí 2012 þar sem fjallað er um málið í aðdraganda úrskurðarins. Í framhaldi af úrskurðinum var gert samkomulag milli FB og ársreikningaskrár (meðfylgjandi) þann 13. nóvember 2013 um endurgerð ársreikninga FB fyrir árin 2011 og 2012.

Innleiðing IFRS við endurgerð ársreikninga FB fyrir árin 2011 og 2012 hafði ekki áhrif á reikningshaldslega meðferð FB vegna leiguíbúða en þær höfðu verið færðar á gangvirði frá árinu 2004 eins og fjallað er um hér á eftir.

Samkvæmt IFRS (IAS 40) ber að skilgreina sem fjárfestingareignir, land og byggingar sem leigðar eru út (e. held for rental). Samkvæmt staðlinum (IAS 40.30) er val um að færa fjárfestingareignir á gangvirði (e. fair value model) eða á afskrifuðu kostnaðarverði (cost model). Sé valið að tilgreina þessar eignir á afskrifuðu kostnaðarverði ber að fara að ákvæðum IAS 16. Ef valið er að færa þessar eignir á gangvirði ber að fara að ákvæðum IAS 40 sem gera ráð fyrir að breytingar á gangvirði séu færðar í rekstrarreikningi en gangvirði er metið til samræmis við ákvæði IFRS 13. Ekki verður séð að heimilt sé að færa fjárfestingareignir á gangvirði með svokallaðri endurmatsaðferð (e. revaluation model), en ákvæði um þá aðferð er að finna IAS 16.

Með lögum nr. 45/2005 um breytingu á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, voru sett ákvæði í lögum, þar sem félögum með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingareignum, er heimilt að meta þær eignir til gangvirðis og breytingar á virði þeirra færðar í rekstrarreikningi. Framangreind lög tóku gildi fyrir reikningsár sem hófust 1. janúar 2005 eða síðar.

Félagsbústaðir hf. tóku þessa reikningsskilaaðferð upp við gerð ársreiknings fyrir árið 2004, en ársreikningur 2004 var gerður í samræmi við IFRS. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2005 var gerður í samræmi við lög um ársreikninga og var sömu aðferðum beitt við reikningshaldslega meðferð fjárfestingareigna félagsins og árið áður og hefur þeim aðferðum verið beitt síðan.

Að skipta um reikningsskilaaðferð er mögulegt samkvæmt IAS 40, en ekki nema við tiltekin skilyrði. Breyting sem myndi fela í sér að færa fjárfestingareignir á afskrifuðu kostnaðarverði, sem áður hafa verið færðar á gangvirði, væri túlkuð sem veruleg breyting (e. voluntary change) og er fjallað um í IAS 40.31 þannig:

IAS 8 Accounting Policies, Changes in Accounting Estimates and Errors states that a voluntary change in accounting policy shall be made only if the change results in the financial statements providing reliable and more relevant information about the effects of transactions, other events or conditions on the entity's financial position, financial performance or cash flows. It is highly unlikely that a change from the fair value model to the cost model will result in a more relevant presentation.

Nánari ákvæði um breytingar á reikningsskilaaðferðum má finna í IAS 8.

Gangvirði fjárfestingareigna FB er ákvarðað út frá upplýsingum um markaðsverð, sem nánar tiltekið byggir í grunninn á gildandi fasteignamati hverju sinni, en í IFRS 13 (nánar tiltekið í IFRS 13.9) er gangvirði skilgreint þannig:

This IFRS defines fair value as the price that would be received to sell an asset or paid to transfer a liability in an orderly transaction between market participants at the measurement date.

Það er viðeigandi hjá FB að skilgreina leiguíbúðir í þeirra eigu sem fjárfestingareignir og fara eftir ákvæðum IAS 40 varðandi reikningshaldslega meðferð þeirra. Samkvæmt þeim er heimilt að færa fjárfestingareignir á gangvirði.

2. Gildissvið IPSAS staðlanna, hafa ákvæði í þeim möguleg áhrif á reikningsskilalega meðferð hjá Félagsbústöðum hf. eða sveitarfélaginu?

Samkvæmt 52. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 skulu reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs og ríkisaðila í A-hluta gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS). Ekki er að finna í ársreikningalögum eða í öðrum íslenskum lögum önnur ákvæði er varða gildi þessara staðla og því ekki viðeigandi að líta til þeirra sem settra reikningsskilareglna nema í tilviki A-hluta ríkissjóðs og ríkisaðila í A-hluta.

Reikningsskil sveitarfélaga byggja á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og ársreikningalögum (sbr. 1. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga). Ekki er að finna beinar heimildir til að byggja reikningsskil eða reikningsskilaaðferðir sveitarfélaga á IPSAS.

Settar reikningsskilareglur eru skilgreindar í lögum um ársreikninga sem reglur útgefnar af reikningsskilaráði og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IFRS) sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samþykkt. IPSAS-staðlarnir hafa ekki verið skilgreindir sem settar reikningsskilareglur í skilningi ársreikningalaga. Verður því ekki talið að heimilt sé fyrir þá sem gera reikningsskil sín í samræmi við íslensk ársreikningalög, að beita ákvæðum IPSAS ef ársreikningalög eða settar reikningsskilareglur mæla fyrir um reikningshaldslega meðferð.

Að áliti KPMG ber þó að líta til ákvæða IPSAS við ákvörðun reikningshaldslegrar meðferðar ef ársreikningalög og settar reikningsskilareglur mæla ekki fyrir um hana. Í slíkum tilvikum þarf jafnframt að skoða sérstaklega hvort reikningshaldsleg meðferð samkvæmt IPSAS sé í samræmi við hugtakaramma IFRS (e. The Conceptual Framework for Financial Reporting). Það er vegna þess að samkvæmt IAS 8.12, sem er hluti af settum reikningsskilareglum, er þess krafist að notkun á öðrum reikningsskilareglum við ákvörðun á reikningshaldslegri meðferð megi hvorki vera í andstöðu við ákvæði IFRS sem eiga við um svipuð atriði, né við skilgreiningar, skilyrði fyrir færslu og matshugtök eigna, skulda, tekna og gjalda í hugtakaramma IFRS. KPMG telur að við ákvörðun á reikningsskilaaðferðum í slíkum tilvikum beri að fara eftir ákvæðum IAS 8.10-12.

Ákvæði IFRS varðandi skilgreiningu á fjárfestingareignum eru skýr sem og ákvæði IFRS um reikningsskilaaðferðir fjárfestingareigna.

3. Er Reykjavíkurborg heimilt að færa ársreikninga Félagsbústaða hf. óbreytta inn í samantekin reikningsskil A og B hluta?

Reikningsskil sveitarfélaga skulu vera í samræmi við ársreikningalög og sveitarstjórnarlög. Einnig eru fyrirbyggjandi reglugerðir (einkum reglugerð 1212/2015) sem byggja á sveitarstjórnarlögum og álit reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, þar sem nánar er fjallað um reikningsskilaaðferðir sveitarfélaga.

Álitamál er hvort ákvæði framangreindra reglna um reikningsskil sveitarfélaga eigi jafnt við um A hluta og B hluta í samanteknum reikningsskilum sveitarfélaga.

Einnig er álitamál, hvort við gerð samantekinna reikningsskila A og B hluta, skuli samræma reikningsskilaaðferðir einstakra B hluta fyrirtækja að reikningsskilaaðferðum sem beitt er í A hluta eða í öðrum B hluta fyrirtækjum. Í 2. gr. reglugerðar 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, eru samantekin reikningsskil skilgreind þannig:

Samantekin reikningsskil eru sameinuð reikningsskil A-hluta og B-hluta. Að svo miklu leyti sem við á gilda um samantekin reikningsskil reglur um samstæðureikningsskil skv. ákvæðum laga um ársreikninga.

Ekki liggur fyrir afdráttarlaust hvort eða að hve miklu leyti ákvæði 75. gr. ársreikningalaga eigi við um samantekin reikningsskil A og B hluta sveitarfélaga.

Það hefur verið meginregla hjá Reykjavíkurborg að taka ársreikninga B hluta fyrirtækja óbreytta inn í samantekin reikningsskil A og B hluta.

Fylgiskjöl:

Úrskurður atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 11. júlí 2013

Minnisblað KPMG til Félagsbústaða hf. dags. 18. maí 2012

Samkomulag við ársreikningaskrá dags. 13. nóvember 2013